



Reglur um veitingu styrkja vegna tengingu veitna, lagningu slitlags á heimreiðar og uppsetningu ljósastaura.

I

Styrkur vegna nýrra fráveituframkvæmda.

Sveitarfélagið styrkir kostnað við kaup á rotþró eða hreinsistöð, þegar verið er að byggja nýtt íbúðarhús í sveitarfélaginu. Rotþróin eða hreinsistöðin skal vera tengd hinu nýja húsnæði og viðkomandi umsækjandi kominn með lögheimili sitt í umrætt íbúðarhús.

Styrkuppþæð er kr. 250.000 gegn framvísun reiknings og greiðslukvittunar fyrir umræddum kaupum.

Sveitarfélagið kemur ekkert að jarðvinnu vegna fráveitulagna eða kostnað við að setja niður rotþró eða hreinsistöð. Framkvæmdir við niðurstöðu rotþróar eða hreinsistöðvar skal vera tekin út af byggingarfulltrúa.

II

Fjárframlög Ásahrepps til nýrra hitaveituframkvæmda.

1. Orkuveita Reykjavíkur á og rekur hitaveitu í Ásahreppi. Nýtengingar eru háðar samþykki Orkuveitu Reykjavíkur og ráðast þær af tæknilegum möguleika varðandi vatnsmagn og vatnshita miðað við núverandi úthlaup á veitunni ásamt arðsemi tengingarinnar. Ekki er gert ráð fyrir nýjum úthlaupum á kerfinu til hækkunar á vatnshita.

Ásahreppur er tilbúinn til að koma að fjármögnun tenginga til lögheimila sem óska eftir því ef arðsemi tengingar er ekki nægjanleg skv. mati Orkuveitu Reykjavíkur.

2. Ferli umsóknar:
 - a. Umsókn um tengingu berist Orkuveitu Reykjavíkur.
 - b. Hagkvæmni ásamt tæknilegum framkvæmdaleika tengingar könnuð af Orkuveitu Reykjavíkur.
 - c. Umsækjandi leggur fram niðurstöður arðsemisútreikninga Orkuveitu Reykjavíkur með umsókn til Ásahrepps um fjárstuðning.
 - d. Gerður er þríliða samningur vegna hvernar einstakrar tengingar sem er undirritaður af Ásahreppi, Orkuveitu Reykjavíkur og umsækjanda þar sem fram kemur fjárframlag Ásahrepps og útreiknaður vatnshiti notanda.
 - e. Hámarksframlag Ásahrepps vegna nýs notanda getur numið allt að tífoldu tengigjaldi íbúðarhúss samkvæmt gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur hverju sinni, enda rúmist framlagið innan fjárhagsáætlunar hreppsins.
3. Nú hefur Orkuveita Reykjavíkur staðfest að hitaveitutenging sé ekki tæknilega möguleg sbr. lið 1 hér á undan þá er Ásahreppur tilbúinn að veita fjárframlag til eiganda íbúðarhúss, sem búseta er í, innan sveitarfélagsins, vegna framkvæmdakostnaðar við uppsetningu á öðrum húshitunarkosti sem leiða til orkusparnaðar á eftirfarandi forsendum (þó ekki kostnaði við framkvæmd og uppsetningu húshitunarkerfis inni í viðkomandi húsi):
 - a. Framlag til eiganda getur numið þeirri upphæð sem nemur framkvæmdakostnaði en þó að hámarki tífoldu tengigjaldi íbúðarhúss eins og fram kemur í lið 2 – e).
 - b. Frá þannig ákvörðuðu framlagi skal draga 50% af þeirri endurgreiðslu ríkisins sem áætlað er að eigandi geti fengið vegna „sölu“ af niðurgreiðslu á rafmagni samkvæmt skriflegri staðfestingu frá Orkusetri.
 - c. Allur rekstrar-, viðhalds- og endurnýjunarkostnaður húshitunarkerfisins er á ábyrgð eiganda íbúðarhússins.



III

Ljósleiðari

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur samþykkt að veittur verði styrkur að upphæð kr. 150.000 til uppsetningar á ljósleiðaratengingu við Ásaljós á þau heimili með skráða búsetu eftir 1. desember 2014, gegn framvísun greiðslukvittana og reikninga frá Ásaljósi vegna framkvæmda við viðkomandi tengingu. Tengigjald við dreifiveitu Ásaljóss er raunkostnaður við að tengja viðkomandi aðila við dreifikerfi Ásaljóss.

IV

Ljósastaurar

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur samþykkt að greiddur verði kostnaður vegna kaupa og uppsetningar á tveimur (2) ljósastaurum við heimili í sveitarfélaginu, enda sé skráð búseta á viðkomandi heimili.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti að rafmagnsnotkun vegna bæjarlýsingar yrði ekki greidd af sveitarfélaginu frá byrjun árs 2023, en mun áfram sjá um uppsetningu nýrra staura skv. þessari samþykkt og einnig sjá um viðhald þeirra.

V

Veglagning að nýbýlum í Ásahreppi

Það er ekki hlutverk Ásahrepps að kosta vegi að nýbýlum, en Ásahreppur er reiðubúinn til að hafa fjárhagslega aðkomu að þessum málum við að kosta lagningu slitlags á héraðsvegum að nýbýlum (heimreiðar), þó ekki nær íbúðarhúsi en 50 metrar frá húsi. Síðustu 50 metranir eru á ábyrgð íbúðarhússeiganda og á hans valdi hvort þeir verði klæddir bundnu slitlagi á eigin kostnað.

Landeigandi sem hyggst reisa nýbýli og hafa þar fasta búsetu, og sem hefur rétt á að fá veg sem síðar yrði vegur í umsjón Vegagerðarinnar að sínu heimili, skal kynna sér skyldur sínar og réttindi sín skv. Vegalögum nr. 80/2007, sérstaklega þó c-lið 8. greinar og 20. greinar sem taka á skilgreiningu héraðsvega og kostnaðarhlutdeild skráðs eiganda við Vegagerðina. Einnig sjá Reglugerð um héraðsvegi 774/2010.

VI

Kaldavatnsveita

Tengigjöld eru samkvæmt gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.

Samþykkt af hreppsnefnd Ásahrepps
Laugalandi, 15. mars 2023